

Grundarfjarðarbær
Borgarbraut 16
350 Grundarfjörður

Reykjavík, 21. febrúar 2020
UST202001-088/H.R.A.
08.14.02

Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 9. janúar 2020 þar sem stofnunin áformaði að áminna Grundarfjarðarbæ vegna frávika er skráð voru í eftirliti á urðunarstað Hrafnkelsstöðum þann 26. júní 2019. Frestur var veittur til 22. janúar 2020 til að skila inn staðfestingu á úrbótum eða tímasettri úrbótaáætlun. Viðbótafrestur var veittur með tölvupósti hinn 23. janúar sl. til 31. janúar 2020.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. **Gr. 1.4. í fyrirmælum um frágang og vöktun.** Frágangi á urðunarstaðnum er ekki lokið.
2. **Gr. 1.7. í fyrirmælum um frágang og vöktun.** Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um þau atriði sem talin eru upp í gr. 1.7. og skila skýrslu með niðurstöðum skráninga fyrir 1. maí ár hvert. Niðurstöður skráninga fyrir árið 2018 hefur ekki verið skilað.
3. **6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.** Allur atvinnurekstur, sbr. Viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Urðun á aflögðum urðunarstað Grundarfjarðarbæjar sem og urðun á óvirkum úrgangi á nærliggjandi svæði er starfsleyfisskyld starfsemi sem rekin er án starfsleyfis.

Umhverfisstofnun veitti fyrst frest til 29. nóvember 2019 til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávika. Viðbótafrestur var veittur með tölvupósti hinn 26. nóvember sl. til 31. desember 2019. Í bréfi frá stofnuninni dags. 8. janúar 2020 áformaði stofnunin að áminna Grundarfjarðarbæ vegna ofangreindra frávika, en frestur var veittur til 22. janúar 2020 til að skila inn staðfestingu á útbótum eða tímasettri úrbótaáætlun. Viðbótafrestur var svo enn veittur með tölvupósti hinn 23. janúar sl. til 31. janúar 2020.

Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 5. mars nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 39.600 kr.**

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Helgu Rut Arnarsdóttir í síma 591-2000 eða með tölvupósti á helga.arnarsdottir@umhverfisstofnun.is. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri



Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands